

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

911. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 11. júlí 2016 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Fundinn sátu:

Elín Jóna Rósinberg aðalmaður, Unnur Valborg Hilmarsdóttir aðalmaður og Elín R. Líndal aðalmaður.

Embættismenn:

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri

Guðrún Ragnarsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs

Fundarritari:

Guðrún Ragnarsdóttir.

Afgreiðslur:

1. **Rekstrarstjóri Skúli Húnn Hilmarsson mætir til fundar við byggðarráð.** Farið yfir helstu verkefni sviðsins s.s. vinnu við hitaveituf framkvæmdir, mælaskipti, viðhald grunnskóla og íþróttamiðstöðvar ofl.
2. **Skólastjóri grunnskólans Sigurður Þór Ágústsson mætir til fundar við byggðarráð.** Skólastjóri kynnti hugmyndir skólabílstjóra að breyttu fyrirkomulagi skólaaksturs í vestanverðum Hrútafirði á skólaárinu 2016/2017. Byggðarráð samþykkir að hafa fyrirkomulag skólaaksturs óbreytt frá síðasta skólaári, en mun kanna aðrar leiðir til að stytta þann tíma sem börnin eru í skólabílnum.
3. **Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 24. júní sl.**
4. **1511043 Lagt fram bréf Úrskurðarnefndar velferðarmála dags. 24. júní sl.** Þar sem staðfest er ákvörðun Húnaþings vestra um að synja Rakel Jönu Arnfjörð um greiðslu húsaleigubóta. Kæra Rakelar Jönu sem snýr að viðaukareglum sveitarfélagsins er vísað frá úrskurðarnefndinni.
5. **1607012 Lagt fram bréf Orkufjarskipta dags. 4. júlí sl.** Þar sem óskað er eftir framkvæmdaleyfi vegna lagnar ljósleiðara frá Kolkustíflu að tækjahúsi Mílu við Stað í Hrútafirði. Erindinu frestað til næsta fundar.
6. **1607008 Lagt fram bréf ungmennaráðs dags. 21. júní sl.** Þar sem ráðið óskar eftir heimild til að nýta kr. 100.000 af því fjármagni sem ráðið hefur til umráða á árinu 2016 til að styrkja unglitahátíðina Eldur í Húnaþingi. Byggðarráð samþykkir erindið.
7. **1606102 Lagt fram bréf Vegagerðarinnar dags. 28. júní sl.** Þar sem fram kemur að ekki verði úthlutað fé til Húnaþings vestra vegna styrkvega á árinu 2016
8. **Lögð fram fundargerð 270. fundar skipulags- og umhverfisráðs frá 7. júlí sl.**
Fundargerð í 10 liðum.
Lögð fram eftirfarandi tillaga vegna 2. dagskrárliðar fundargerðarinnar

„Breyting á aðalskipulagi Húnaþings vestra 2014-2026. Tillaga að aðalskipulagsbreytingu austan Norðurbrautar á Hvammstanga.

Lögð fram að lokinni auglýsingu tillaga að breytingu á aðalskipulagi austan Norðurbrautar, Hvammstanga dags. 4.5. 2016. Tillagan var auglýst samhliða deiliskipulagsbreytingu svæðisins skv. 31. gr. skipulagslaga nr.123/2010 frá 23.maí 2016 til 5.júlí 2016. Ein athugasemd kom frá Vegagerðinni um stækkun á veghelgunarsvæði og eftir samráð hefur Vegagerðin samþykkt að veghelgunarsvæðið verði 9,2 m frá miðlínu vegar.“

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 3 atkvæðum. Byggðarráð samþykkir aðalskipulagsbreytinguna og felur sveitarstjóra að senda hana til staðfestingar Skipulagsstofnunar og auglýsa niðurstöðuna, sbr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Lögð fram eftirfarandi tillaga við 3. dagskrárlið fundargerðarinnar.

„Breyting á deiliskipulagi austan Norðurbrautar á Hvammstanga.

Lögð fram að lokinni auglýsingu tillaga að breytingu á deiliskipulagi austan Norðurbrautar, Hvammstanga dags. 12.5. 2016 sem var auglýst skv. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 frá 23.maí 2016 til 5.júlí 2016. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi svæðisins var auglýst samhliða. Breytingin nær til svæðis vestan við lóð sláturhússins. Ein athugasemd kom frá Vegagerðinni um stækkun á veghelgunarsvæði og eftir samráð hefur Vegagerðin samþykkt að veghelgunarsvæðið verði 9,2 m frá miðlínu vegar.“

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 3 atkvæðum

Byggðarráð samþykkir deiliskipulagsbreytinguna og auglýsingu þess og að málsmeðferð deiliskipulagsins verði skv. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

4. dagskrárliður borinn undir atkvæði og samþykktur með 3 atkvæðum.

5. dagskrárliður borinn undir atkvæði og samþykktur með 3 atkvæðum.

6. dagskrárliður borinn undir atkvæði og samþykktur með 3 atkvæðum

Afgreiðslu 9. dagskrárliðar er frestað til næsta fundar

Aðrir liðir fundargerðarinnar og fundargerðin í heild sinni borin undir atkvæði og samþykkt með 3 atkvæðum.

9. **Sorphirðugjöld fyrirtækja.** Vegna breytinga á sorphirðu í vestanverðum Hrutafirði samþykkir byggðarráð að lækka álögð sorpgjöld á þau fyrirtæki sem fengu álagningu á árinu 2016 og er þá orðið sama fyrirkomulag og hjá öðrum fyrirtækjum í sveitarfélaginu. Lækkunin gildir frá 1. apríl 2016.

Samþykkt að taka á dagskrá.

10. **1606126 Erindi Skipulagsstofnunar sem frestað var á síðasta fundi.** Byggðarráð samþykkir að tengiliðir f.h. Húnaþings vestra vegna Landsskipulags 2015-2026 verði Elín Jóna Rósinberg og Ingimar Sigurðsson.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl: 16:13

Elín Jóna Rósinberg

Unnur Valborg Hilmarsdóttir

Elín R. Líndal

Guðný Hrund Karlsdóttir

Guðrún Ragnarsdóttir